



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökulinn ber við loft...

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Jóhann斯 Guðmundssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti		Ábm.	A-S
Málal.	18/100048	Málal.	18/100048
Mótt.	11.02.07	Mótt.	17.12.2018
Aths.		Aths.	

Snæfellsbær, 10. desember 2018
Tilv. bréfs 31511

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 6. desember 2018, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 23. nóvember 2018, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðíársins 2018/2019.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rifi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 5. júlí 2018, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2018/2019.

Þó óskar bæjarstjórn Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ. Þær eru eftirfarandi:

- 1) Í 1.gr., C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“.
- 2) Í 4.gr., 1.mgr. (6. lína), breytist orðalagið úr „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
- 3) Í 6.gr., 1.mgr. (1. lína), breytist orðalagið úr „innan hlutaðeigandi byggðarlags“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélags“.

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sí staðreynð að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafsdóttir, bæjarritari

